

4. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald fyrir flutning sýna, ferðir og uppihald.

5. gr.

Gjald vegna undirbúnings sýnis og gerð vottorðs er kr. 820. Gjald fyrir hvert vottorð umfram eitt er kr. 550.

6. gr.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er veittur 30% afsláttur frá gjaldskránni. Þó er heimilt að veita allt að 50% afslátt vegna rannsóknastarfa sé reglum, sem stofnunin setur, fullnægt.

7. gr.

Heimilt er að veita öðrum aðilum en heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga allt að 30% afslátt frá gjaldskránni vegna stórra verkefna og möguleika til að lækka kostnað við þjónustuna.

8. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal Hollustuvernd ríkisins ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald skv. 1. gr.

9. gr.

Stofnuninni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna sérfræðiráðgjafar og þjónustustarfa sinna.

10. gr.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir útgáfu og eindagi einum mánuði síðar.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins nr. 54/1989.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. 1. mgr. hljóði svo:

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs telst hér vera inngreidd iðgjöld, vextir, afföll, verðbætur, afborganir af lánum og innkomið ráðstöfunarfé af öðrum fjármunalegum eignum, að frádregnum greiddum lífeyrisbótum, rekstrarkostnaði og kaupum á skuldabréfum til skuld-

breytinga vegna vangoldinna iðgjalda. Sala hlutafjár telst til ráðstöfunarfjár að svo miklu leyti sem hún er umfram kaup á hlutafé. Innlausn ríkisvixla, svo og innlausn annarra vixla og verðbréfa til skemmri tíma en eins árs, telst ekki til ráðstöfunarfjár í þessu sambandi. Sama gildir um innheimtar afborganir af lánnum með styttri lánstíma en eitt ár. Vextir og afföll af ríkisvixlum og öðrum kröfum til skemmri tíma en eins árs teljast þó ætíð til ráðstöfunarfjár.

b. 2. mgr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr.86 28. september 1988, sbr. lög nr. 109 29. desember 1988 og lög nr. 76 30. maí 1989, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971,
um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr.	600
Vegna bifhjóls	kr.	600
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	kr.	600
Vegna vélsleða	kr.	600
Vegna heimilisdráttarvélar	kr.	600
Vegna rafstöðvar	kr.	200
Vegna súgþurrkunartækis	kr.	200
Vegna heyblásara	kr.	200
Vegna trillubáta	kr.	1 600

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1990. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 545/1988 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.